



Kópavogi, 1. júlí 2022  
22067532/510.00 BR

## Minnisblað – Rafhleðslustöðvar í bæjarlandi Kópavogs

Kópavogsbær hefur ekki mótað sér stefnu varðandi uppsetningu og rekstur rafhleðslustöðva fyrir rafbíla innan bæjarlands sveitarfélagsins og eru engar almennings rafhleðslustöðvar í rekstri Kópavogsbæjar aðgengilegar eigendum rafbíla en handfylli er af rafhleðslustöðvum í rekstri fyrirtækja við verslunarkjarna sem eru aðgengilegar almenningi.

Í júní 2020 var lagt fyrir bæjarráð tillaga að samningi við Veitur þar sem komið yrði upp 26 gjaldskyldum hleðslustöðvum við fjölfarna staði í bæjarlandi Kópavogs s.s. við sundlaugar, Íþróttamannvirki o.s.frv. Í kjölfar umræðna í bæjarráði var tillögunni frestað þar sem vilji var hjá bæjarráði að fjölga hleðslustöðvum enn frekar og stækka hleðslustöðvarnar en gert var ráð fyrir í samningnum. Við nánari skoðun var ljóst að fjölgun og stækkun hleðslustöðva myndi kalla á verulegan umframkostnað við lagningu og stækkun rafstrengja sem Veitur voru ekki tilbúnir til að samþykkja. Á sama tíma var kærúmal í gangi þar sem Ísorka kærði samning sem Reykjavíkurborg gerði við ON í kjölfar útboðs um uppsetningu hleðslustöðva.

Útboðið sem var kært, var sama eðlis og það útboð sem Kópavogsbær fyrirhugaði, þar sem leitað yrði eftir þjónustuaðila sem myndi setja upp og reka hleðslustöðvar og taka hóflegt gjald á hverja kWst fyrir notkunina. Var það metið svo á þeim tíma að öruggast væri að hinkra með frekari vinnu á meðan kærumálið var til meðferðar hjá dómsstólum. Kærumálið var lyktar leitt hjá hæstarétt í júní 2022.

Virðingarfyllst,

Kópavogsbær  
Umhverfisstofa

---

Birkir Rútsson  
Deildarstjóri gatnadeildar